

## EIGIÐ ELDVARNAEFTIRLIT FYRIRTÆKJA - TIL ATHUGUNAR

**Eru flóttaleiðir nægar og greiðfærar alla leið út?**

Að öllu jöfnu skal fólk hafa um tvær óháðar leiðir að velja til að yfirgefa byggingar. Flóttaleið þarf að vera greið og vel merkt, ekki er heimilt að geyma varning eða rusl á flóttaleiðum. Prófa þarf reglulega að opna allar hurðir á flóttaleiðum.

Í lagi? ☐**Eru út-ljós (flóttaljós) í lagi?**

Út-ljós eiga að vísa á flóttaleiðir og þau þurfa alltaf að loga. Í þeim er rafhlaða sem tryggir lýsingu í rafmagnsleysi.

Í lagi? ☐**Eru slökkvitæki og brunaslöngur á sínum stað, aðgengileg og í lagi?**

Ekki má stafla varningi eða rusli fyrir slökkvibúnað. Innsigli þurfa að vera heil á slökkvitækjum.

Í lagi? ☐**Eru merkingar við slökkvibúnað í lagi?**Í lagi? ☐**Hefur slökkvibúnaður verið yfirfarinn á síðustu 12 mánuðum eða hlaðinn eftir notkun?**

Skylda er að láta skoða slökkvibúnað árlega, hægt er að sjá dagsetningu síðustu skoðunar á límmiða utan á tækinu.

Í lagi? ☐**Er eldvarnarteppi í eldhúsi eða kaffistofu á sínum stað og í lagi?**Í lagi? ☐**Sýnir stjórntafla brunaviðvörðunarkerfis eðlilegt ástand?**

Yfirleitt logar eitt grænt eða gult ljós merkt „í lagi“ sem gefur til kynna að kerfið sé virkt. Ef fleiri ljós loga bendir það til bilunar.

Í lagi? ☐**Blikkar prófunarljós á rafhlöðureyfskynjurum öðru hverju?**

Ljósiað á að blikka með reglulegu millibili og gefa þannig til kynna að skynjarinn sé virkur.

Í lagi? ☐**Lokast brunahólfandi hurðir hindrunarlaust og þannig að þær verði reykþéttar?**Í lagi? ☐**Eru brunahólfandi veggir, loft og gólf heil og óskemmd?**Í lagi? ☐**Hefur lagnagötum gegnum brunahólfandi vegg, gólf eða loft verið lokað með eldþéttum efnum?**Í lagi? ☐**Eru eldfimir vökvar og skaðleg efni í öruggri geymslu?**Í lagi? ☐**Eru gasflöskur og gaskútar geymdir á öruggan hátt?**

Gas skal geymt í sérstökum geymslum eða á vagni / trillu sem staðsett er nálægt útgöngudyrum.

Í lagi? ☐**Eru merkingar utanhúss um gaskúta í lagi?**

Greinilegar merkingar utan á hurðum skulu sýna hvar gaskútar og gasflöskur eru fyrir innan.

Í lagi? ☐

**Eru útsogsrör og fitusíur nægilega hrein til að eldhætta sé ekki til staðar?**

Fitusíur þarf að þrifa reglulega en finna þarf edlilegan tíma á milli þrifa í hverju tilviki fyrir sig.

Í lagi? ☐

**Eru ruslatunnur og ruslakör innanhúss í lagi og tæmd reglulega?**

Í lagi? ☐

**Er laust rusl fjarlægt reglulega utan- og innandyr?**

Í lagi? ☐

**Er þrifnaður almennt í lagi innandyr (ryk, ló, fita o.fl.)?**

Í lagi? ☐

**Er ruslageymsla utandyr fjarri gluggum eða brennanlegum húshlutum og tæmd reglulega?**

Gluggar og þakskegg mega ekki vera í minna en 5 metra hæð yfir brennanlegu rusli.

Í lagi? ☐

**Er hurðum, gluggum og hliðum læst að loknum vinnudegi?**

Í lagi? ☐

**Er varúðarreglum fylgt varðandi reykingar og opinn eld?**

Í lagi? ☐

**Eru viðvörðunarkerkingar, t.d. um reykingabann, greinilegar og í lagi?**

Í lagi? ☐

**Hefur reykingafólk aðstöðu utandyr til að losa sig við logandi sígarettu-stubba á öruggan og snyrtilegan hátt?**

Í lagi? ☐

- Sérhæfðir seljendur slökkvitækja veita ráð um val og staðsetningu slökkvibúnaðar og reykskynjara.
- Sérhæfðir seljendur og þjónustuaðilar ýmissa tækja eins og loftræstibúnaðar eða gasbúnaðar leiðbeina um frágang og reglubundið eftirlit.
- Hægt er að fá afrit af teikningum húsa hjá byggingafulltrúum. Þar á m.a. að koma fram hverjar eru kröfur um brunahólfun.
- Á vefnum [www.brunamal.is](http://www.brunamal.is) má finna ýmsar leiðbeiningar í gagnasafni.
- Upplýsingar um meðferð skaðlegra efna og annað tengt vinnuvernd má finna á vef Vinnueftirlitsins [www.ver.is](http://www.ver.is).
- Almennar upplýsingar um hvers konar forvarnir má nálgast á vef Sjóvá Forvarnahússins, [www.forvarnahus.is](http://www.forvarnahus.is).
- Rétt er að leita til sérhæfðra brunahönnuða standi til að breyta húsnæði eða byggja nýtt.

Ef þörf er á úrbótum eða ráðgjöf um ofangreind atriði bendum við þér á að hafa samband við Sjóvá Forvarnarhúsið í síma 440 2000 eða senda tölvupóst á [forvarnahusid@sjova.is](mailto:forvarnahusid@sjova.is).

## SJÓVÁ FORVARNAHÚSIÐ

Ofangreindur listi er útbúinn af Sjóvá til hagsbóta fyrir viðskiptavinum. Sjóvá vonast til að upplýsingarnar komi að gagni og muni nýtast sem grunnur að frekari þróun áhættustjórnunar hjá þeim sem hann nota.